

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	12.01.2017
Málalýkili	11.33
Mál nr.	1701166

Garðabær
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

10. janúar 2017
MÍ201611-0019/ 5.04 / O.I.

Efni: Skráning menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja - skil á gögnum.

Minjastofnun kallar hér með eftir skilaskyldum gögnum vegna skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja. Með skilaskyldum gögnum er átt við gögn sem orðið hafa til við skráningu menningarminja eftir 1. janúar 2013.

Samkvæmt 15. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 er tóku gildi 1. janúar 2013 hefur Minjastofnun Íslands yfirumsjón með skráningu fornleifa, friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja. Þar er jafnframt kveðið á um að öll gögn sem varða skráningu fornleifa, friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja skuli afhent Minjastofnun Íslands. Þá er vakin athygli á að skráningu fornleifa-, húsa- og mannvirkja á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráning hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands.

Þau gögn sem nú er kallað eftir og sem skila ber til Minjastofnunar, eru annars vegar skráningarskýrslur á rafrænu formi og í tveimur prentuðum eintökum og hins vegar staðsetningargögn, þ.e. punktaskrár og uppmælingar sem hægt er að varpa inn á landfræðilegan kortagrunn.

Gögnunum ber að skila á veffangið skraning@minjastofnun.is. Leiðbeiningar um skilaferlið má finna á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is undir flípanum Gagnasafn/kortavefsjá, en einnig er hægt að leita aðstoðar og frekari upplýsinga hjá Oddgeiri Isaksen, verkefnastjóra fornleifaskráningar hjá Minjastofnun.

Gögnum úr skráningum unnum á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2016 skal skila til stofnunarinnar fyrir 1. júní 2017.

Frá og með 1. janúar 2017 mun skráning fornleifa, húsa og mannvirkja ekki teljast fullnægjandi fyrr en búið er að skila nefndum gögnum. Munu umhverfismats- og skipulagsverkefni, þar sem krafist er skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja þar af leiðandi ekki hljóta afgreiðslu af hálfu Minjastofnunar fyrr en gögnunum hefur verið skilað.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

Er þetta til samræmis við 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem segir meðal annars:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Að lokum má geta þess að bréf samhljóða þessu hefur verið sent fornleifafræðingum sem starfa að fornleifaskráningu og til byggingafulltrúa sveitarfélaganna.

Viðfangarfullt,



Agnes Stefánsdóttir
Sviðsstjóri



Oddgeir Isaksen
verkefnastjóri

Afrit sent:
Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Skipulagsstofnun
Minjaverði [svæðis]